



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

16. ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 18. maí 2016

Haldið í Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl. 17:00

Dagskrá:

1. Þingsetning.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir setur þingið kl.17.10

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.

1. þingforseti er Birna Lárusdóttir og 2. þingforseti Pétur Markan . Birna tekur við stjórn og biður fólk að fylgja dagskrá.

3. Kosning fyrsta og annars þingritara.

1. Salome Elín Ingólfssdóttir og 2. Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Ekki er gerð athugasemd við boðun þingsins og því haldið áfram og kosið í kjörbréfanefnd. 1. Jens Kristmannsson, 2. Ingi Björn Guðnason

3.Sigmundur Þórðarson

Nefndin tekur strax til starfa.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir flutti skýrslu stjórnar.



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Þingforseti, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sveitarsjóri Súðavíkur, aðrir gestir og ágætu félagar aðildarfélaga HSV. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þetta 16. ársþing HSV.

Stjórn HSV hefur fengið ýmis verkefni inn á sitt borð í vetur og má þar meðal annars nefna samráðsvettvang sveitafélaga við Djúp um sameiginlega sýn á uppbyggingu íþróttamannvirkja. Þetta er þarft verkefni sem mun klárlega flýta fyrir uppbyggingu á svæðinu.

Stjórn ásamt framkvæmdastjóra vann á árinu að hinum ýmsu verkefnum. Haldnir voru 11 stjórnarfundir og fjölmargir aðrir minni fundir í hinum ýmsu nefndum og með aðildarfélögum. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu að starfsemi HSV á árinu, stjórn, framkvæmdastjóra, yfirþjálfara Íþróttaskóla HSV og öðrum velunnurum sambandsins fyrir góð og vel unnin störf.

Nokkrar breytingar verða á stjórn núna. Birna Jónasdóttir, varaformaður mun hætta, Pétur Markan, gjaldkeri mun líka hætta. Einnig munu Jóhann Króknes Torfason og Sigurður Erlingsson sem hafa verið varamenn í stjórn í þó nokkurn tíma hætta. Það er alltaf eftirsjá í góðu fólki og vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Starfsemi aðildarfélaga

Aðildarfélög HSV eru 25, misjafnlega virk þó. Innan þeirra vébanda voru 1389 virkir iðkendur árið 2016. Þar af 779 iðkendur yngri en 16 ára. Innan aðildarfélaga HSV voru skráðir 4177 félagar, sem gerir HSV að stærstu félagasamtökum í Ísafjarðarbæ.

Íþróttaskóli HSV

Íþróttaskóli HSV er nú að klára sitt fimmta starfsár. Yfirþjálfari skólans, Salome Elín Ingólfssdóttir var í fæðingarorlofi en er komin aftur til starfa. Það hafa ýmsir

komið að starfi skólans í vetur en hitann og þungann hafa Grétar Eiríksson og Davíð Már Kristinsson frá Herði borið.

Við viljum hafa skólann í stöðugri þróun og við viljum líka fá að vita hvernig foreldrum líkar við þjónustuna og ekki síst hvernig börnunum líður, því þetta er jú fyrir þau gert. Því munum við leggja viðhorfskönnun fyrir foreldra nú á næstu dögum til að kanna líðan barna og hug foreldra til skólans. Undanfarin ár höfum við gefið útskriftarnemum gjöf með myndarlegum styrk frá Rotary klúbbnum á Ísafirði og þökkum við fyrir það. Að þessu sinni munu allir útskriftarnemar fá íþróttapeysu að gjöf.

Þátttakan á skólaárinu sem er að líða hefur verið mikil og gaman að segja frá því að mikil aukning hefur verið á skíðunum sem eru frábærar fréttir. Okkar krakkar ásamt fleiri krökkum úr Skíðafélagi Ísfirðinga fjölmenntu á Andrésar Andarleikana nýlega og sópuðu að sér verðlaunum. En það eru klárlega ekki verðlaunin sem skipta höfuðmáli, það er þátttakan og gleðin í því að vera með og ögra sjálfum sér enn meira í dag en í gær. Krakkarnir úr íþróttaskólanum hafa einnig unnið stóra og smáa sigra í öðrum íþróttum eins og sundi, körfubolta, blaki og fótbolta.

Margar rannsóknir hafa sýnt að börn sem fá fjölbreyttan grunn í íþróttum eru betur undirbúin fyrir framtíðina í sinni grein.

Rekstur HSV

Ársreikningur HSV sýnir að sambandið er rekið með halla. Það eru ýmsir hlutir sem sem valda þessum halla. Við erum búin að vera að finna lausnir til þess að sporna við þessum halla og eins og staðan er í dag þá mun framkvæmdarstjóri fara niður í 50% starf frá og með 1. september. Það er alls ekki góður kostur og verður það til þess að starfið verður óhjákvæmilega minna og mun það hafa áhrif innan hreyfingarinnar. Okkar verkefni er því að finna meira fjármagn.

Um síðustu áramót skrifaði HSV undir nýjan samstarfsamninginn við Ísafjarðarbæ og einnig verkefnasamning. Það var góður samningur sem varð til þess meðal annars að meira fjármagn fékkst í afrekssjóðinn. Við erum búin að vera að vinna í leikreglum fyrir sjóðinn og gerum við ráð fyrir að þetta muni líta dagsins ljós áður en langt um líður.

Inn í samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar er kveðið á um að Ísafjarðarbær leggi HSV til íbúðastyrk í formi afnota af Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. Þessar íbúðir hafa verið í Múlalandi og það er ekkert of stórt til orða tekið ef við segjum bara að þetta sé lífsnauðsynlegt fyrir félögin hér á svæðinu. Undanfarin ár hefur HSV haft allt að níu íbúðum yfir að ráða frá bænum. Mörg félög hafa átt í erfiðleikum með að manna þjálfarastöður sínar en að hafa aðgang að íbúð gerir hlutina auðveldari í samningarviðræðum við þjálfara um að koma vestur. Það er því brýnt að minna á úthlutunarreglur HSV þar sem brýnt er að þjálfarar á barna- og unglingastigi eru í forgangi fyrir íbúðir.

Skýrsluskil aðildarfélaga

Á þessu þingi liggur frammi ársskýrsla HSV þar sem gert er grein fyrir starfsemi HSV og aðildarfélaga þess og sýnir hún hversu umfangsmikið og gott starf er að finna hjá aðildarfélögum. Því miður vantar skýrslur frá nokkurm aðildarfélögum en ekki hafa öll félög skilað inn starfsskýrslum. Það er aldrei of oft ítrekað að skil á starfsskýrslum og ársreikningum er grundvallaratriði í starfi íþróttafélaga og algjört skilyrði til að félög geti haldið áfram að þiggja opinbert fé. Rekstrarstyrkir frá Ísafjarðarbæ og lottótekjur eru náttúrulega ekkert annað en opinbert fé. Og það er ábyrgðarhluti að þiggja opinbert fé.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2015 var kjörinn þann 24. janúar síðastliðinn þegar sundkonan Kristín Þorsteinsdóttir var útnefnd Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar við hátíðlega athöfn. Þetta var í þriðja sinn sem Kristín hlýtur þessa viðurkenningu.



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Óskar HSV þessum unga og frábæra íþróttamanni til hamingju með þennan titil. Afreksfólk í íþróttum er nauðsynlegur hvati fyrir ungu kynslóðina og þau eru fyrirmyndirnar sem horft er til. Það fylgir því ábyrgð að vera fyrirmynd og það er ánægjulegt að sjá þennan unga og glæsilega íþróttamann koma fram sem góð fyrirmynd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Afreksmannastefna HSV

Staða afreksmanna hjá HSV hefur verið óbreytt undanfarin ár. HSV útteildi á síðasta ári um einni milljón króna til afreksfólks innan sambandssins, það er ekki há upphæð en hefur svo sannarlega skipt máli hjá öllum þeim sem fengu styrk.

Innan vébanda HSV er mikð af afreksfólki og er það vel, við erum með fjölda ungra íþróttamanna á svæðinu sem hafa verið valin í landsliðsúrtök. Sum hver hafa svo náð það langt að vera fastir menn á landsliðsæfingu og svo hafa enn aðrir fengið tækifæri til þess að keppa fyrir landslið sinnar íþróttagreinar. Þennan hóp viljum við styrkja og efla. Eins og áður sagði er vinna við afrekssjóðinn langt komin og vonandi verður það til þess að við getum stutt duglega við bakið á okkar flotta fólki.

Ferðakostnaður

Á hverju ári fara milljónir í ferðakostnað hér á svæðinu. Þetta er kostnaður sem er að mestu leyti sóttur til foreldra hvort sem það er með vinnuframlagi þeirra eða beinum fjáröflunum. Við viljum skora á stjórnvöld til að bæta enn frekar í ferðasjóð ÍSÍ til þess að jafna stöðu landsbyggðarinnar gagnvart kostnaði. Við viljum/okkar sýn er að allir sem vilja og hafa áhuga á hafi sama tækifæri til þess að komast í ferðir með sínu félagi.

UMFÍ

Starfsárið 2015 fóru þátttakendur frá HSV á bæði landsmót 50+ á Blönduósi og unglíngalandsmót UMFÍ á Akureyri. Keppendur HSV á unglíngalandsmóti voru



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

heldur fáir þetta árið líkt og undanfarin ár. Markmiðið er að vekja betur upp áhuga á unglíngalandsmóti hjá félögum HSV og mæta á næsta mót á Borgarnesi með öflugan hóp. Unglíngalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnisstæða.

49. sambandsþing UMFÍ var haldið í október í Vík í Mýrdal. Fulltrúar HSV voru formaður og framkvæmdastjóri HSV. Þar var Haukur Valtýsson kjörinn nýr formaður UMFÍ og Helga Guðjónsdóttir lét af formennsku. Þetta var fróðlegt þing og mjög nauðsynlegt að hitta fólk sem er að vinna í því sama og við erum að gera.

Lokaorð

Það eru mikið starf að vera formaður héraðssamband en það er skemmtilegt og það er þess vegna sem ég stend hérna í dag. Það er líka mikið starf að vera framkvæmdarstjóri og tel ég að sambandið sé mjög heppið að fá Siggú Láru til lið við okkur. Hún er vakin og sofin yfir þessu starfi og það er einmitt útaf svona fólki sem við hin erum til í að taka þátt í þessu starfi.

Eftir tæpan mánuð verður landsmót 50+. Mikill undirbúningur hefur verið í gangi og hefur nefndin staðið í ströngu til þess að allt verði tilbúið þegar kemur að mótinu. Það er við hæfi að við höldum þetta mót á stórafmæli Ísafjarðar. Ég vona að allir hérna inni sem eru komnir með aldur reimi á sig skóna eða taki fram pönnukökupönnuna og skelli sér á mótið. .

Þann 16. janúar síðastliðinn var íþróttafélagið Vestri stofnað. Eins og flestir vita þá runnu þarna 4 íþróttafélög í eina sæng og núna eru komnir búningar og merki sem allir með nettengingu fengu að taka þátt í. Sterkt og öflugt fólk hefur verið kosið til þess að leiða félagið inn í nýtt tímabil í íþróttasögunni hérna á svæðinu. Sameiningin mun ekki breyta miklu í starfi HSV, það er mikilvægt að að

samskiptaleiðin milli íþróttafélaga, sveitafélaga og sérsambanda sé hjá HSV þannig að allir sitji við sama borð.

Ég vil þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að starfsemi aðildarfélaga HSV, án ykkar er þetta starf ekki mögulegt og ég ásamt öllum hérna inni viljum sjá starfið eflast enn frekar.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri HSV leggur fram reikningana. Reikningar eru í ársskýrslunni. Lagðir fram sem þingskjal nr. 1

7. Ávörp gesta.

Sigríður Lára flytur kveðjur frá UMFI þar sem enginn frá þeim komst á ársþing. Fulltrúi ÍSÍ forfallaðist á síðustu stundu og ber kveðjur til þingsins.

8. Álit kjörbréfanefndar.

Jens Kristmannsson fór með álit kjörbréfanefndar. Stjórn HSV samþykkti umsókn nýs félags, Vestra, um inngöngu í HSV sem á að staðfesta hér a eftir. Í lögum stendur að ekkert félag megi eiga kjörbréfafulltrúa fleiri en níu. Nefndin er sammála um það að líta framhjá þessu og gera ráð fyrir því að blakdeildin í nýja félaginu, knattspyrnudeildin og körfuknattleiksdeildin hafi skilað kjörbréfum og samtals eru þar 12 fulltrúar. Sundið hefur ekki skilað kjörbréfi. Litið er á að gömlu félögin séu aðilar að HSV þar sem ekki hefur verið gengið frá samþykkt nýs félags.

BÍ88: Gísli Jón Hjaltason, Marzellíus Sveinbjörnsson, Jenný Hólmsteinsdóttir, Jón Hálfván Pétursson, Svavar Þór Guðmundsson, Hildur E Pétursdóttir, Jóhann K. Torfason.

Íþróttafélagið Kubbi: Jens Kristmannsson

Íþrottafélagið Ivar: Sigríður Hreinsdóttir

Knattspyrnufélagið Hörður: Gísli Jón Kristjánsson

Íþróttafélagið Grettir: Dagný Arnalds

Hestamannafélagið Hending: Marinó Hákonarson

Íþróttafélagið Höfrungur: Sigmundur F. Þórðarson, Anton Proppé Hjaltason, Brynjar Proppé Hjaltason, Jóhanna Jörgensen Steinsdóttir, Margrét Guðjónsdóttir.

Íþróttafélagið Stefnir: Svava Rán Valgeirsdóttir og Þorgerður Karlsdóttir.

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar: Birna Lárusdóttir, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðmundur Einarsson, Ingi Björn Guðnason

Sæfari: Magnús Bjarnason

Skíðafélag Ísfirðinga: Jóhanna Oddsdóttir, Daníel Jakobsson, Guðmundur Ragnarsson, Kristján Ásgeirsson, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Einar Ágúst Yngvason

Skotíþróttafélag Ísafjarðar: Guðmundur Valdimarsson, Valur Richter, Aðalsteinn Sveinsson

Golfklúbbur Ísafjarðar: Kristinn Kristjánsson, Jakob Tryggvason, Kristín Hálfvánardóttir

Blakfélagið Skellur: Harpa Grímsdóttir

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Tillaga frá stjórn HSV:

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, staðfestir ákvörðun stjórnar HSV frá 2. mars síðastliðinn þar sem íþróttafélaginu Vestra var veitt aðild að Héraðssambandi Vestfirðinga.

Greinagerð:

Í 4. grein laga HSV er kveðið á um að héraðsþing skuli staðfesta inngöngu nýrra félaga.

Formaður Vestra sendi þann 29. febrúar umsókn um inngöngu í HSV. Með umsókn fylgdu þau gögn sem kveðið er á um að fylgja skuli slíkri umsókn samkvæmt grein 3 í lögum HSV. Stjórn samþykkti inngönguna samhljóða.

Jens Kristmannsson tekur til máls og finnst það frekar langt að bíða í 6 mánuði eftir því að nýtt félag verði orðið fullgilt, þ.e.a.s. 1. nóvember. Hann vill leggja fyrir þingið þá tillögu að ársþing HSV samþykki fulla aðild félagsins að HSV þegar í stað. Umræður eru nokkarar en þingforseti telur að þar sem tillagan barst ekki fyrr en á ársþingi er ekki hægt að verða við því að þetta standi. Þessi tillaga hefði þurft að berast a.m.k. hálfum mánuði fyrir ársþing.

Marinó Hákonarson tekur til máls. Marinó telur ekki líkur á að það sé neitt því til fyrirstöðu að formenn deilda komist inn á formannafundi í komandi framtíð.

Að hans mati er tíminn sem þetta hefur tekið, sameiningin og stofnun nýs félags, mjög langur. Hann hefur við margt að athuga við þinghaldið nú í dag.

Jens tekur aftur til máls og dregur tillögu sína til baka.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir tekur til máls. Vill fara yfir ferlið. Ekki bein lína hvernig farið var að hlutunum fyrir þing. Þegar send eru út kjörbréf fjórum vikum fyrir þing eru sum félög búin að halda aðalfund en ekki öll. Þetta var allt gert í samráði við ÍSÍ, var á gráu svæði en HSV var ráðlagt að senda nýja

félaginu, Vestra, boðsbref, eru gestir, en gömlu félögin eru með kjörbref eftir þeim reglum sem gilda.

Sigurður Hreinsson tekur til máls. Vestri var stofnaður í janúar 2016 með sína eigin kennitölu en þau félög sem mynda Vestra halda sínum kennitölum og það mun verða þannig. Það er samkvæmt öllum reglum að deildirnar eru undir aðalkennitölu Vestra.

Tillagan er samþykkt einróma.

10. Umræður um skýrslu stjórnar.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.

10. og 11. liður ræddir saman. Orðið er laust og enginn kveður sér hljóðs. Skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt samhljóða.

12. Kosning í nefndir

Fjárhagsnefnd: Pétur Markan stýrir því starfi

Allsherjarnefnd: Hildur Elísabet stýrir því starfi

Kjörnefnd: Daníel Jakobsson stýrir því starfi

Laganefnd: Marinó Hákonarson stýrir því starfi

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Pétur Markan talar um halla á rekstri HSV árið 2015. Ákveðin krafa á stjórn um að bregðast við því. Tveir liðir munu breytast frá fyrri áætlun, það er að hlutfall framkvæmastjóra færist niður í 50% starf síðar á árinu, áætlaður launakostnaður verður lægri en upphaflega áætlað. Skoðun stjórnar að það er ekki hægt að leggja fram áætlun nema ætla að loka henni og ekki setja

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

hana fram með áætluðu tapi. Ákveðin krafa á þeirri stjórn sem kjörin verður núna að finna fjármagn til að halda þessu stöðugildi í 75% eins og verið hefur.

Það mun því miður hafa í för með sér skerta þjónustu til aðildafélaga. Húsaleiga mun lækka og sá kostnaður lækkar einnig.

Marinó Hákonarson tekur til máls. Honum finnst tillögur stjórnar ekki duga til að reka HSV betur, þ.e. starfshlutfall framkvæmastjóra og húsaleiga. Hefði viljað sjá frekari skýringar á tölum fjárhagsáætlunar og skýringar á því hvers vegna hlutirnir kosta það sem þeir kosta.

Þingforseti vísar fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar sem þingskjali nr. 2.

14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.

Tillögur frá stjórn HSV

Lagabreytingatillaga frá stjórn HSV:

Stjórn HSV gerir eftirfarandi tillögu um breytingu á 5. grein laga HSV:

5. grein er nú:

5. grein.

Starfsskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal, og ársreiknga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglíngastarfi.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags skv. úthlutun. Geri viðkomandi félag ekki skil á starfsskýrslum fyrir 1. apríl annað árið í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarfélaga skv. innsendum starfsskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngir en 16 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 16 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarfélaga sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslu til HSV að loknum aðalfundi sínum hverju sinni.

5. grein verði:

5. grein.

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglíngastarfi.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á **ársskýrslum á réttum tíma tvö ár** í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarfélaga skv. innsendum ársskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngir en 16 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 16 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarfélaga sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

Greinagerð: Með þessari breytingu á lögum HSV er skýrar kveðið á um mun á starfsskýrslu og ársskýrslu. Eftir lagabreytingu þurfa félög að vera búin að skila inn ársskýrslu og þar með halda aðalfund og skila inn árituðum ársreikningum til að fá úthlutuðum styrkjum frá HSV.

Vísað til laganefndar sem þingskjal nr. 3

Stjórn Blakfélagsins Skells (Blakdeildar Vestra) gerir eftirfarandi breytingartillögu við lög HSV:

Núverandi klausa er í 5. grein laganna:

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngir en 16 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 16 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga

4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð:

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaganna skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, **yngrir en 18 ára**
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda **18 ára og eldri**
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Greinagerð: Sjálfræðisaldurinn miðast ekki lengur við 16 ár heldur 18 ár og því teljast iðkendur vera börn fram til 18 ára aldurs skv. lögum. Einnig er gjarnan talsvert brottfall úr íþróttum við 16-17 ára aldurinn, en þá er einmitt mikilvægt að halda heilbrigðum tómsendum og hreyfingu að unglingum.

Vísað til laganefndar sem þingskjal nr. 4

Ekki voru lagðar fram fleiri tillögur til lagabreytinga. Áður en lengra er haldið með þingstörf voru veitt heiðursmerki HSV. Þrjár aðilar voru sæmdir silfurmerki og einn aðili gullmerki.

Heiðursmerki

Guðmundur Valdimarsson og Valur Richter fá Silfurmerki HSV

Guðmi Valda hefur verið formaður Skotíþróttafélags Ísafjarðar um langa hríð. Undir hans stjórn hefur félagið starfað skipulega og af krafti. Nýverið tók félagið í notkun nýja inniaðstöðu sem væntanlega eflir og styrkir starfið enn frekar.



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Valur Richter á að baki marga tímana fyrir Skotíþróttafélagið. Hann hefur verið vakinn og sofinn yfir starfinu og þá ekki hvað síst allri þeirri vinnu sem liggur að baki í nýju húsnæði félagsins í stúkunni á Torfnesi. Það verður gaman að fylgjast með hvernig þeir og þeirra félag eykur starf sitt með bættri aðstöðu. Nú þegar er komin bogfimideild og vonir standa til um að auka unglingsstarf að auki.

En þeir eru ekki einungis vinnumenn, þeir eru einnig keppnismenn og sem sótt hafa marga titla um árabíl fyrir sitt félag.

Íþróttastarf gengi seint upp ef ekki væri fyrir menn eins og Gumma og Val sem leggja mikið af mörkum fyrir sitt félag.

Sófus Magnússon fær silfurmerki HSV

Sóphus Magnússon hefur í langt skeið keyrt íþróttafólk í keppnis- og æfingaferðir á vegum aðildarféлага HSV. Hann er nú að selja rútur sínar og hverfa til annara starfa og þótti stjórn HSV rétt við þau tímamót að þakka Sophusi fyrir hans elju og alúð gangvart okkar íþróttaiðkendum á faraldsfæti. Ef þú googlar Sóphus færðu að vita að hann er Strandamaður, vill hvergi búa annarsstaðar en fyrir vestan og hann borðar skítinn mat. Þar kemur hinsvegar hvergi fram að í ferðum hans með íþróttakrakka heldur hann uppi stemmingu tímunum saman með sögum af fólki og fyrirbærum svo farþegar á öllum aldri hafa gaman af. Það kemur heldur ekki fram að með mykt og lagni fær hann krakkana til að nota ruslapokana í bílnum, spenna beltin og sitja kyrr í sætum. Hvergi kemur heldur fram að hann sýnir ávalt einstaka þjónustulipurð og telur ekki eftir sér að skutlast hingað eða þangað ef þörf reynir nú eða líta eftir krakkahóp ef þannig ber við. Fyrir svo utan að hann kom alltaf með lögstu verðin.

Sophus, kærar þakkir, það hefur verið gott að vinna með þér – takk fyrir.

Jens Kristmannsson fær gullmerki HSV

Jenni á langan lista af störfum fyrir íþróttastarf hér í bæ. Han hefur verið iðkandi, þjálfari, fararstjóri, dómari, stjórnarmaður, formaður. Staðið á línunni á leikjum, upp í fjalli á skíðamótum, aldrei á skíðum samt. Hann



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

hefur einnig starfað á landsvísu setið meðal annars í stjórn ÍSÍ. Fyrir þetta starfs sitt hefur ÍSÍ sæmt hann heiðurskrossi ÍSÍ og kjörið hann heiðursfélaga ÍSÍ.

Jens er Harðverji fram í fingurgóma og hefur unnið mikið og gott starf til að varðveita merka sögu þess gamla félags og afhent það skjalasafni Ísafjarðar til varðveislu. Harðverjinn Jens taldi það samt ekki eftir sér að aðstoða hina Nýju Vestramenn við undirbúningsvinnu að stofnun þess

félags og aðstoðaði í hvert sinn er leitað var í hans reynslubanka. Kærar þakkar Jenni fyrir þitt góða og mikla starf, það verður seint fullþakkað.

Tryggvi Sigtryggsson fær gullmerki HSV

Tryggvi hefur starfað að íþróttá- og æskulýðsmálum frá unga aldri. Hann hefur lagt stund á ýmsar greinar íþróttar til keppni, fótbolta um árabíl og síðan einnig badminton og golf. Til heilsubótar og ánægju er svo skíðin og hlaup og gönguferðir.

Tryggvi hefur þó ekki bara lagt stund á íþróttir sér til ánægju. Hann hefur frá unga aldri lagt sitt af mörkum í félagsstarfið sem fylgir íþróttafélögum og íþróttastarfi og hefur unnið að framgangi íþróttamála á löngum ferli. Hefur hann meðal annars verið í stjórn og eða formaður gamla Vestra, knattspyrnuráðs Ísafjarðar, ÍBÍ, Golfkúbbi Ísafjarðar þar sem hann hætti á síðasta ári sem formaður eftir langa og farsæla setu. Einnig hefur Tryggvi setið í nefndum Ísafjarðarbæjar sem sinna íþróttá og æskulýðsmálum.

Tryggvi hefur því lagt mikla vinnu að baki fyrir íþróttahreyfinguna hér í bæ og fyrir það þökkum við af heilum hug.

15. Aðrar tillögur lagðar fram

Tillaga nr. 1 þingskjal nr. 5

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, skorar á Ísafjarðarbæ og Súðavíkurrepp að styðja áfram dyggilega við íþróttá- og æskulýðsstarf.

Greinargerð:

Íþróttar- og æskulýðsstarf hefur mikla þýðingu fyrir mannlífið á hverjum stað. Sést það best á þeim fjölmörgu iðkendum og félögum innan aðildarfélaga HSV. Öflugt íþróttar- og tómstundastarf gerir að margra mati, sveitarfélög samkeppnishæfari þegar fjölskyldur og einstaklingar velja sér búsetu. Því er mikilvægt að sveitarfélögin styðji vel við bakið á íþróttahreyfingunni svo halda megu áfram því góða starfi sem unnið er innan hennar. Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 2 merkt sem þingskjal nr. 6

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, hvetur Alþingi og ríkisstjórn Íslands til að auka framlög í ferðasjóð.

Greinargerð: Ferðasjóður íþróttafélaganna hefur svo sannarlega sannað gildi sitt og er gríðalega mikilvægur fyrir íþróttafélögin í landinu og sérstaklega á landsbyggðinni. Árlega sækja um 140 íþróttafélög, úr öllum íþróttahéruðum ÍSÍ, um styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á fyrirfram skilgreind styrkhæf íþróttamót innanlands. Mikilvægt er að íþróttafélögin hvetji ríkisstjórnina til að halda áfram með ferðasjóðinn og auka framlög í hann. Þingið felur framkvæmdastjóra og gjaldkera að skerpa á greinagerðinni í samræmi við umræður í nefndinni.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga nr. 3 þingskjal nr.7

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, færir Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþróttar- og tómstundanefnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 4 merkt sem þingskjal nr. 8

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, hvetur Alþingi Íslendinga til að standa vörð um Íslenska getspá og þá fjármuni sem veitt er til íþróttar- og æskulýðsmála.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga nr. 5 þingskjal nr.9

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, skorar á Ísafjarðarbæ að horfa til HSV þegar verkefni myndast hjá Ísafjarðarbæ svo hægt sé að stækka og styrkja gildandi verkefnasamning.

Greinargerð:

Verkefnasamningur Ísafjarðarbæjar og er gríðalega mikilvægur fyrir íþróttafélögin í bænum og geta þau með auknu fjármagni þjónustað iðkendur sína enn betur. Enginn vafi er heldur að Ísafjarðarbæ nýtur einnig góðs af þessu

ekki einungis með betra íþróttalífi í bænum heldur fær sveitarfélagið verkefni sín mjög vel unnin fyrir mjög sanngjarna greiðslu.

Vísað til fjárhagsnefnd

Tillaga nr. 6 merkt sem þingskjal nr. 10

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, hvetur aðildarfélag og bæjarbúa til að taka þátt í landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið er á Ísafirði 10.-12. júní. Þeir sem aldur hafa til eru hvattir til að taka þátt í keppninni og að yngra fólk taki virkan þátt í skipulagi og framkvæmd mótsins.

Greinargerð: HSV heldur landsmót UMFÍ 50+. Mótið er mjög umfangsmikið og má búast við 400 keppendum víðsvegar að. Heimamönnum yfir fimmtugt gefst kjörið tækifæri til að taka þátt í hinum ýmsu greinum. Mótahaldið krefst mikils mannafla og eru sjálfboðaliðar vel þegnir til vinnu.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 7 merkt sem þingskjal nr. 11

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, hvetur sveitarfélög við Djúp til að halda áfram þeirri vegferð sem hafin var á fundi sem HSV kallaði til þann 14. apríl síðasliðinn. Þar var hafin vinna við samráðsvettvang sveitarfélaga við Djúp um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Greinargerð: HSV boðaði til fundar um samráðsvettvang sveitarfélaga við Djúp um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Haldinn hefur verið einn fundur og lögð fram áætlun þar sem næsta skref er að sveitarfélögin og HSV skipi fulltrúa í nefnd sem skili af sér bráðabirgðaniðurstöðum fyrir fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna.

Vísað til allsherjarnefndar.

Fleiri tillögur berast ekki.

16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Nefndir vinna sín störf undir stjórn formanna nefnda.

17. Afgreiðsla á áliti nefnda.

Tillögur laganefndar teknar fyrir:

Eftir nokkrar umræður á fundi laganefndar var borin upp til atkvæðagreiðslu lagabreytingartillaga stjórnar á 5. grein, þingskjal nr. 3. Að þeirri atkvæðagreiðslu lokinni var jafnframt borin upp breytingartilaga Skells á 5. grein, þingskjal nr. 4. Að fenginni niðurstöðu í báðum atkvæðagreiðslur er greinin borin upp í heild sinni með áorðnum breytingum.

Meirihluti laganefndar var samþykkur báðum tillögum.

Marinó Hákonarson tekur til máls. Hann hefði viljað vita hverju þetta breytir í kostnaði. Hann vill ekki að skipting fjármuna eigi heima í lögum sambandsins.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir tekur til máls. Ekki stórvægilegar breytingar á kostnaði og því ekki vert að birta þær tölur hér.

Þingskjal nr. 3, lagabreytingatillaga stjórnar HSV lögð fram óbreytt og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4, lagabreytingatillaga frá Skell, lögð fram óbreytt og samþykkt með einu mót atkvæði.

Tillögur fjárhagsnefndar teknar fyrir.

Þingskjal nr. 2 rekstraráætlun HSV.

Óbreytt eftir umræður fjárhagsnefndar. Skv þinggerð 2015 var rætt að skattar íþróttafélaga væru í ársreikning og áætlun. Pétur Markan kynnir það sem þar stendur og talar um að ekki sé verið að skerða hlut aðildafélaga heldur verði skorið niður á skrifstofu HSV, það er að segja hlutfalli framkvæmdastjóra og húsaleigu.

Jens Kristmannsson kveður sér hljóðs. Ræðir um skattlagningu og það þegar nokkur íþróttafélög renna saman í eitt og að iðkendur sem hafa t.d. verið í fleiru en einu félagi fyrir sameiningu.

Marinó Hákonarson kveður sér hljóðs. Vill meina að í lögum félagsins komi fram að á þingi þurfi að koma fram hvaða skatta áætlað er að leggja á íþróttafélög. Ræðir um það hvað tölurnar í áætluninni þýða, vill að það sé meira á bakvið tölur eins og íþróttaskólann ofl. Segir að rekstraráætlun hafi birst of seint, ekki hálfum mánuði fyrir þing heldur þremur dögum fyrir þing. Stór hluti sem fer í rekstarkostnað skrifstofu að hans mati.

Daníel Jakobsson tekur til máls. Hefur fundist HSV eitt af flaggskipum í íþróttamálum bæjarins. Það veldur honum vonbrigðum að verið sé að samþykkja fjárhagsáætlun þar sem verið er að minnka starfshlutfall framkvæmdastjóra sambandsins. Vill hvetja fólk til að taka þátt í þeirri umræðu hvort það telji okkur vera á réttri leið með að minnka hlutfall starfsfólks HSV. Vill fá betri umræður um skattamálin.

Pétur Markan segir að á síðasta þingi var talað um að ekki var sérstaklega tekið tillit til skatta á aðildafélög. Þing á að taka það til umræðu ef því á að breyta. Sammála Daníel um það að þetta gjald er þjónustugjald því það er mikilvægt að halda í skrifstofu og starfsemi HSV.

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Jón Páll Hreinsson bendir á að fjármálin eru ekki til umræðu nema þegar tölurnar eru rauðar, það er að segja þegar tap sést á rekstri. Reksturinn er einfaldur, fyrst og fremst laun og mjög leiðinlegt að sjá tillögur um að draga úr launakostnaði. Til skammst tíma litið ekki annað hægt að gera. Mikilvægt að þingið hvetji stjórnina til að sækja aukatekjur til að reka samandið sem allra best og auka stöðugildi framkvæmdastjóra á ný. Minnir aðildafélgögin á það að öll þau verkefni sem hafa unnist í íþróttahreyfingunni eru forsendur þess að það var framkvæmdastjóri til staðar, formaður eða annar myndi ekki vinna þetta allt í sjálfboðastarfi. Okkar mál að halda vörð um skrifstofuna. Hverja stjórnina til að auka tekur, rétta skrifstofuna af og halda áfram uppá við.

Marinó Hákonarson leggur til að skattur verði 150 kr á hvern einstakling á næsta ári.

Pétur Markan segir að ef upphæðin er óbreytt er ekki ástæða til að taka þetta mál upp á þinginu.

Marinó bendir á að lög eru lög. Taka á skatta af félögunum og telur hann lágmarkskurteisi að sú tala sé fest. Annað hvort ein föst tala eða áætlunin sem stendur.

Rekstaráætlun samþykkt samhljóða með þorra greiddra atkvæða.

Tillögur fjárhagsnefndar:

Tillaga nr.2 þingskjal nr.6

Opnað fyrir umræður, enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.4 þingskjal nr.8

Opnað fyrir umræður, enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.5 þingskjal nr.9



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Opnað fyrir umræður, enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

Tillögur allsherjarnefndar teknar fyrir. Hildur Elísabet Pétursdóttir tekur þær fyrir.

Tillaga nr.1 þingskjal nr.5

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, skorar á Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ að styðja áfram dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.

Greinargerð:

Íþrótt- og æskulýðsstarf hefur mikla þýðingu fyrir mannlífið á hverjum stað. Sést það best á þeim fjölmörgu iðkendum og félögum innan aðildarfélaganna HSV. Öflugt íþrótt- og tómstundastarf gerir, að margra mati, sveitarfélög samkeppnishæfari þegar fjölskyldur og einstaklingar velja sér búsetu. Því er mikilvægt að sveitarfélögin styðji vel við bakið á íþróttahreyfingunni svo halda megi áfram því góða starfi sem unnið er innan hennar *öllum til heilla*.

Allsherjarnefnd leggur tillöguna fram með þremur orðum viðbættum í endann.

Opnað fyrir umræður, enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.3 þingskjal nr.7

Lagt fram óbreytt.

Opnað fyrir umræður, enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.6 þingskjal nr.10



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Lögð fram með lítilsháttar breytingum úr allsherjarnefnd. Breytingar nefndarinnar eru skáletraðar hér að neðan:

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, hvetur aðildarfélög og bæjarbúa til að taka þátt í landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið er á Ísfirði 10.-12. júní. *Aðildarfélög HSV eru hvött til þess að auglýsa landsmótið hið fyrsta og virkja sitt fólk til þátttöku í keppni og yngra fólk til þess að taka virkan þátt í skipulagi og framkvæmd mótsins.*

Greinagerð: HSV heldur landsmót UMFÍ 50+. Mótið er mjög umfangsmikið og má búast við 400 keppendum víðsvegar að. Heimamönnum yfir fimmtugt gefst kjörið tækifæri til að taka þátt í hinum ýmsu greinum. Mótahaldið krefst mikils mannafla og eru sjálfboðaliðar vel þegnir til vinnu. *Þegar hefur verið opnað fyrir skráningu og því mikilvægt að auglýsa mótið vel hið fyrsta.*

Jens Kristmannsson kveður sér hljóðs. Eftir nokkrar vikur verða hér um 400 keppendur á landsmóti 50+. Vill lýsa yfir óánægju um að ekki hafi verið settar upp neinar götugauglýsingar um landsmótið. Telur að ekki hafi allir vitneskju um að mótið sé í sumar hér hjá okkur og að fleiri þurfi að fá vitneskju um það. Vill að félagin hér heima í héraði hafi góða vitneskju um það sem um ræðir. Hann vill meina að það eigi að vera 7 manns í undirbúningsnefnd fyrir landsmót 50+ og það sé ekki í nefndinni hér það kemur fram á vef landsmótsins.

Sigríður Lára kveður sér hljóðs og segir að það séu 7 manns í nefndinni. Telur upp þá sem í nefndinni sitja. Ef annað komi fram á vef landsmótsins sé það feill hjá UMFÍ og verði leiðrétt hið fyrsta.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr.7 þingskjal nr.11

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Lögð fram með orlitið breyttu orðalagía úr allsherjarnefnd. Breytingar nefndarinnar eru skáletraðar hér að neðan:

Tillaga nr. 7 merkt sem þingskjal nr. 11.

16. ársþing HSV haldið á Ísafirði 18. maí 2016, hvetur sveitarfélög við Djúp til að halda áfram þeirri vegferð sem hafin var á fundi sem HSV kallaði til þann 14. apríl síðastliðinn. Þar var hafin vinna við samráðsvettvang sveitarfélaga við Djúp um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Greinagerð: HSV boðaði til fundar um samráðsvettvang sveitarfélaga við Djúp um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Haldinn hefur verið einn fundur og lögð fram áætlun þar sem næsta skref er að sveitarfélögin og HSV skipi fulltrúa í nefnd sem skili af sér bráðabirgðaniðurstöðum fyrir gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna fyrir árið 2017.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kjörstjórn. Daníel Jakobsson gerir grein fyrir þeim tillögum sem koma fram til kjörs stjórnar.

Birna Jónasdóttir og Pétur Markan fara úr stjórn. Tillaga um að Páll Janus Þórðarson og Karl Ásgeirsson komi í þeirra stað. Afram sitja Ingi Björn Guðnason og Hildur Elísabet Pétursdóttir.

Í varastjórn gefur Elín Marta kost á sér aftur. Jóhann Torfason og Sigurður Erlingsson láta af störfum. Tillaga um Heimir Hansson og Elísa Stefánsdóttir taki við.

18. Önnur mál.

Guðný Stefanía vill benda á að Skinfaxi mun fjalla um landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður á Ísafirði í júní. Hann verður borinn í öll hús hér á svæðinu. Nóg

Héraðsþing HSV 18. maí 2016

um að vera hjá undirbúningsnefnd og hún vonast til að flestir viti af því að mótið er á næstunni. Bendir fólki einnig að að aðstoð er vel þegin.

Marinó Hákonarson varð hugsi eftir formannafund HSV. Þar var stefnumarkandi tillaga lögð fram undir önnur mál og menn voru sammála henni. Ræðir hér um íþróttamannvirki og uppbyggingu þeirra. Vill biðja stjórn að vanda betur til þegar slíkar tillögur eru unnar. Vill að allir hafi jafna aðkomu að því. Finnst það vanta að umræðu- og andmælaréttur manna sé virtur.

19. Kosningar,

a. Kosning formanns.

Guðný Stefanía kjörin formaður

b. Kosning tveggja stjórnarmanna til 2 ára. Tillaga stjórnar eru Páll Janus Þórðarson og Karl Ásgeirsson samþykkt.

c. Kosning þriggja manna í varastjórn til 1 árs. Tillaga stjórnar eru Elín Marta Eiríksdóttir, Elísa Stefánsdóttir og Heimir Hansson. Önnur framboð berast ekki. Þau eru kosin með lófaklappi.

d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Guðmundur Kjartansson og Bjarki Bjarnason aðalmenn .

Óðinn Gestsson og Einar Pétursson varamenn. Allir kosnir með lófaklappi.

e. Kosning til íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttaping er haldið. Vísað til stjórnar.

20. Þingslit.

Birna þingforseti þakkar fyrir sig og óskar nýrri stjórn velfarnaðar. Gott er að hafa góðan hóp sem ekki er of einsleitur. Því næst gefur hún formanni Guðnýju



Héraðsþing HSV 18. maí 2016

Stefaníu orðið. Guðný þakkar starfsfólki HSV og starfsfólki þingsins sín störf. Guðný færir þeim stjórnarmönnum sem nú víkja úr stjórn þakklætisvott fyrir vel unnin störf. Að lokum þakkar stuðning í sinn garð við endurkjör til formanns.

Guðný slítur þinginu kl.21.10.